

Fundur haldinn 19.1.2013 í Hveragerði.

14 félagskonur voru mættar.

1. Rósa Marta Guðnadóttir setti fundinn, bauð konur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsesmi. Hún gerði síðan grein fyrir því hvar þær sem mættu ekki væru staddar.
2. Ingibjörg Þ.Þ. las upp fundargerð síðasta fundar en Sigríður Guðnadóttir ritaði hana.
3. Rósa minnti á orð Pálínu frá því í haust um sönginn. Síðan las hún frásögn Guðm. Finnbogasonar frá því um 1900 þar sem hann kynnti sér lýðskóla í Danmörku. Aðalinntak í frásögn Guðmundar var um sönggleðina. Rósa útteili síðan litlu sönghefti.
4. Rósa fjallaði um landssambandsþingið sem framundan er. Hvað á Mrs. Blacksmith að tala um? Láta hana ráða því.
Rósa sagði okkur frá doktorsvörn Lilju M. Jónsdóttur um störf kennara frá útskrift og í fimm ár eftir hana. Langar að fá Lilju til okkar í vor og segir Sigrúnu Klöru Hannesdóttur hlynnta því.
Rætt var um ferð um Suðurland. Rósa talaði um að fá Ásborgu í það verkefni.

Yfirstjórnin mun sjá um aðalfundinn.

Svolitlar umræður urðu um hvernig hvetja ætti allar konur í deildinni til að mæta.

Síðan brustum við í söng og sungum Völuvísuna.

Rósa kallaði eftir skemmtiatriði. Hún ætlar að leggja til að deildirnar komi með skemmtiatriði. Biður okkur að leggja í púkkið.

Þema þingsins verður: Sterkar konur – sterk sjálfsmynd.

Af hverju bera stelpur ekki höfuðið hátt?

5. Nú var tekið upp léttara hjál. Það var um jólabækurnar og fleiri bækur. Ýmsar voru nefndar s.s. Bjarna-Dísa; Afleggjarinn; Undantekningin; Emmu finnst gaman í leikskólanum; Hvítfeld; Parísarkonan; Kantata; Götumálarinn; Reglur hússins; Ósjálfrátt; Sumarhús með sundlaug; Ljós móðirin; Þjórásarver; Fyrir Lísu; Kuðungasafnið og Skagfirskar skemmtisögur; Vígroði; Fjarvera og Boxarinn.
Skemmtilegar umræður mynduðust.

Guðrún Sigríks kynnti lesspjaldið sitt.

Pálína hafði lesið handrit að bók upp á 483 bls.

Sigríður Guttoms las Newsweek sem hætt er að gefa út og les núna Times.

Loks las Sigríður Guttorms upp úr Skagfirskum skemmtisögum, sögur af föður hennar.

Fleira ekki gert, fundi slitið.
Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir ritaði

Síðan var Pálínuboð – þar sem rausnarlegar veitingar voru á boðstólum.